

---

21. árg. 1. tbl, mars 2009

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík  
www.landfraedi.is

---

**Vorþing, 5. maí kl. 09.00**  
*Hádegisverðarfundur í Norræna húsinu*

**Auglýst eftir erindum**

Árlegt Vorþing Félags landfræðinga verður haldið í Norræna húsinu, kl. 09.00 – 13.00, þriðjudaginn 5. maí. Um er að ræða nokkra nýbreytni sem felst í að halda fundinn á vinnutíma og bjóða félagsmönnum uppá morgunhressingu og hádegisverð að loknu þingi á Dill, nýjum veitingastað Norræna hússins.

Skráningargjald er kr. 1.000 og tekur ritari félagsins við skráningu gegnum tölvupóstfangið: [hulda.axelsdottir@reykjavik.is](mailto:hulda.axelsdottir@reykjavik.is). Skráningargjald verður rukkað gegnum heimabanka eða með heimsendum greiðsluseðli. Tekið er við skráningum til 1. maí.

*Dema*

Að þessu sinni verður þema þingsins mannvistarlandfræði með áherslu á sagnfræðilega landfræði, menningarlandfræði, borgarlandfræði, þjóðfræði, mannfræði og skyldar greinar. Er hér með auglýst eftir erindum en áhugasamir geta tilkynnt til formanns félagsins ef þeir vilja kynna sínar rannsóknir, gegnum tölvupóstfangið: [edward@unak.is](mailto:edward@unak.is). Tilkynning þarf að berast eigi síðar en 15. apríl.



Vorþing FL, kl: 09.00, þriðjudaginn 5. maí  
Norræna húsið - Dill

*Takið morguninn frá!*

**Aðalfundur Félags landfræðinga**  
*Haldinn á Hótel Laxnesi, föstudaginn 6. mars*

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn 6. mars sl., kl. 17.00 á Hótel Laxnesi í Mosfellsbæ. Boðið var uppá bjór og eldbakaðar flatbökur. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundastörf samkvæmt lögum.

Mættu fáir félagsmenn á fundinn og var því fyrst rætt um skipulag og fundartíma, en ljóst þykir að þessi tími er vart sá hentugasti og því reynt nýtt fyrirkomulag á fyrirhuguðu vorþingi félagsins.

Á fundinum voru ekki lagðar fram neinar lagabreytingatillögur, né komu framboð í stjórn félagsins. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér aftur og helst stjórnin því óbreytt frá fyrra ári.

Á fundinum var rætt var um fyrirkomulag vorþings og starsemi félagsins almennt. Einnig var rætt um útgáfu Landsbréfsins sem gefið er út á hverju ári. Það er ljóst að mikil vinna liggur á bakvið útgáfu slíks ritrýnds fagrits og oft erfitt að afla greina. Ákveðið var að stækka ritstjórnina til þess að auðvelda öflun efnis og var ákveðið að biðla til félagsmanna um þátttöku í ritnefnd. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt eru beðnir um að hafa sambandi við Edward í gegnum póstfangið [edward@unak.is](mailto:edward@unak.is).

**Landabréfið 2009 – Landabréfið 25 ára!**

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2009. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2009. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: [kben@hi.is](mailto:kben@hi.is)



## Tilkynning!

### Rafrænn Landpóstur

Á síðasta aðalfundi var nokkuð rætt um útgáfu Landpóstsins, fréttabréfs félagsins. Hann hefur komið út síðan 1973, í einni eða annarri mynd og má sjá öll einstök á rafrænu formi á heimasíðu félagsins nú [www.landfraedi.is](http://www.landfraedi.is).

Ljóst er að nokkur kostnaður er við að senda þennan póst, að auki þótti mönnum það ekki í takt við umhverfisumræðu síðustu áratuga að vera enn að senda út bréflega póst, sem flest félög eru komin með á rafrænt form.

Var því samþykkt á síðasta aðalfundi að hætta bréflægri útgáfu Landpóstsins og verður þetta sá síðasti sem sendur verður út með þessum hætti. Hér eftir mun fréttabréfið verða sent út á póstlista félagsins [landpostur@hi.is](mailto:landpostur@hi.is). Eru félagsmenn því hvattir til að fara inn á heimsíðu félagsins og athuga hvort tölvupóstföng séu rétt skráð.


Þeir sem vilja áfram frá fréttabréfið sent heim bréfleiðis eru beðnir um að tilkynna ritarar félagsins það sérstaklega á tölvupóstfangið: [hulda.axelsdottir@reykjavik.is](mailto:hulda.axelsdottir@reykjavik.is), eða með bréfi til stjórnar:

Félag landfræðinga,  
Pósthólf 5391,  
125 Reykjavík.


Að sama skapi geta félagsmenn afþakkað að fá greiðsluseðla vegna félagsgjalda senda í pósti, nú þegar þeir birtast hvort sem er í heimabankanum. Ef þið viljið afþakka greiðsluseðla, sendið þá gjaldkeranum línu á tölvupóstfangið: [ellainthesun@gmail.com](mailto:ellainthesun@gmail.com).

SÍÐASTI

LAND  pósturinn



Árið 2065 þekur regnskógurinn einungis 1% af yfirborði jarðar, en krefst þess að rúma 50% af tegundum jarðar.



Ég er ekki eirðarlaus, þetta eru plötuhreyfingar.



## Fjölskyldudagur Félags landfræðinga

Á síðasta aðalfundi var rætt um að breyta útaf vana og gera eitthvað á vettvangi félagsins, sem ekki tengdist faginu eða fæli í sér fræðslu eða formlegan fund. Var því ákveðið að halda fjölskyldudag, þar sem félagsmenn geta mætt með sín börn og annað skyldfólk og átt notalega stund.

Ákveðið var að dagurinn yrði 6. júní og gengið yrði á Esjuna og grillað á eftir við Mógilsá og jafnvel teygt úr sér í saunu starfsmannafélags Mógilsár eftir Esju brölt. Fékk dagurinn heitið: Uppstigningardagur félags landfræðinga og eru félagsmenn hvattir til að mæta, stíga upp á Esju og koma með eitthvað gott á grillið og sundskýlu. Hægt er að renna fyrir fiski í tjörninni við Mógilsá. Félagið mun sjá um drykkjarföng.